

# Samningur um sérfræðiþjónustu við Auðarskóla, leik- og grunnskóla, í Dalabyggð

Ásgarður skólaráðgjöf (AIS ehf), kt. 530217-0190 og Dalabyggð, kt. 510694-2019 gera með sér svofelldan samning um sérfræðiþjónustu við starfsfólk Auðarskóla, leik- og grunnskóla, sveitarfélagsins og framkvæmd menntastefnu ríkisins. Markmið samstarfsins er fyrst og fremst að efla Auðarskóla sem faglega stofnun með kerfisbundnum stuðningi við stjórnendur, kennara og starfsfólk skólans og sveitarfélagsins.

## 1.gr. Almennt

Stuðningur við skólastarfið byggir á þeim áherslum sem fram koma í verkefnalýsingu (fylgiskjal 1) og umbótaáætlunum byggðum á innra mati. Ráðgjafar bregðast við þeim verkefnum sem upp koma í samráði og samstarfi við skólastjóra, sveitarstjóra og fræðslunefnd og styðjast jafnframt við lög, reglugerðir, viðmið um gæðastarf og önnur gæðaviðmið. Í desember og júní berst stutt yfirlit frá Ásgarði um helstu verkefni og yfirlit yfir þá ráðgjafatíma sem hafa verið veittir á síðustu sex mánuðum þar á undan.

## 2.gr. Greiðslur

Samkomulagið miðast við greiðslur fyrir ráðgjafatíma samkvæmt meðfylgjandi taxta (sjá fylgiskjal) auk ramma um ferðalög. Miðað er við reglulegar heimsóknir sem verða skipulagðar að hausti. Að auki verða haldnir fundir í gegnum fjarbúnað. Verði breytingar á tímaramma, verðskrá eða áætlunum um ferðalög er viðhengið uppfært og fest við samninginn. Nýjasta eintakið gildir hverju sinni.

## 3.gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá undirritun og þar til honum er sagt upp. Báðir aðilar hafa rétt á að segja upp samningnum, þó með þriggja mánaða fyrirvara að lágmarki.

## 4.gr. Trúnaður

Trúnaður ríkir um störf ráðgjafa Ásgarðs og starfsemi Auðarskóla/Dalabyggðar, verkefni og hugmyndir Ásgarðs, sem og upplýsingar um hagsmuni, starfsmenn og stefnumótun Auðarskóla/Dalabyggðar. Kynning á verkefninu út á við verður að vera með samþykki beggja aðila og í samráði þeirra á milli. Undirritun þessa samnings staðfestir fullan trúnað um trúnaðarupplýsingar fyrir hönd allra ráðgjafa og starfsmanna Ásgarðs. Yfirlýsing um meðferð trúnaðargagna er að finna á heimasíðu Ásgarðs.

## 5.gr. Réttindi

Verkefni eða afurðir sem myndast við vinnu þessa verkefnis og stefnumótunar eru skilgreind sem hugvit Ásgarðs en efnihálf mun tilheyra Auðarskóla/Dalabyggð. Efni sem byggir á skólastarfi Auðarskóla/Dalabyggðar sérstaklega mun ekki vera notað í öðrum verkefnum eða fyrir aðra, nema með samþykki beggja aðila þessa samkomulags. Auðarskóli/Dalabyggð má hvorki yfirfæra né selja hugmyndafræði, tækni og/eða þekkingu Ásgarðs til þriðja aðila.

## 6.gr. Umfang

Umfang samningsins er að finna í meðfylgjandi verkefnalýsingu (fylgiskjal 1), þar sem miðað er við að hámarki 150 tíma á fyrsta ári samningsins og 200 ráðgjafatíma á ári þar eftir. Tímagjaldið við upphaf samningsins er 19,900 kr. en verðhækkanir fylgja vísitölu neysluverðs.

## 7.gr. Fyrirkomulag

Í hverjum mánuði fær sveitarfélagið reikning með ítarlegu verkbókhaldi. Ef verulegar breytingar verða á þeim verkefnum sem lagt er upp með er farið yfir það sérstaklega og verkefnalýsinguna.

uppfærð. Tímaáætlun er alltaf til viðmiðunar. Tvísvar á ári berst yfirlitsskýrsla yfir verkbókhald og helstu verkefni.

8.gr. Ferðakostnaður

Tækni verður notuð til fundahalda, þjálfunar og samskipta eins mikið og hægt er. Þannig er ferðalögum fækkað og kostnaði haldið niðri. Ráðgjafar skrá ekki á sig útselda tíma á ferðalögum heldur innheimta ferðakostnað, þ.e. flug/bílaleigubil og gistingu ef um slíkt er að ræða.

Undirskriftir

*Kristrun Ólafsdóttir*

Framkvæmdastjóri  
Ásgarður skólaráðgjöf  
AIS ehf 530217-0190  
[kristrun@ais.is](mailto:kristrun@ais.is) +354-8999063

*Björn Bjarki Þorsteinsson*  
Björn Bjarki Þorsteinsson  
Sveitarstjóri Dalabyggðar  
Rafræn undirskrift  
[www.dalir.is](http://www.dalir.is)  
kt. 510694-2019



## Fylgiskjal 1

Jul 12, 2023

# Verkefnalyśing

## Endurskoðun og innleiðing skólastefnu Dalabyggðar og stuðningur við gæðaskólastarf

Í reglugerð ríkisins (nr. 444/2019) um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum er tekið fram **að sveitarfélög skuli stuðla að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu**, meðal annars til þess að stuðla að því að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi. Í reglugerðinni kemur fram að sveitarfélögum ber að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi **og starfshætti í leik- og grunnskólum og starfsfólk þeirra**. Ráðgjöf Ásgarðs getur verið liður í því.



Ásgarður býður upp á **sérfræðiþjónustu við framkvæmd skólastarfs í leik- og grunnskólum**. Meginvíðfangsefnið og yfirschrift er að framkvæma þá stefnu stjórnvalda sem birtist í aðalnámskrá grunnskóla og skerpt er á með skólastefnu sveitarfélaga. Gæðakröfur yfirvalda birtast í aðalnámskrá leik- og grunnskóla.

Í samkomulagi Ásgarðs og sveitarfélagsins Dalabyggðar verður unnið eftir þeim áherslum sem lagt er upp með við upphaf verkefnisins. Þær eru:

- **Sýn og stefna sveitarfélagsins sé skýr** og skólastefna/menntastefna endurspeglil vilja sveitarfélagsins til umbóta í skólamálum.
- **Fjármagn** sé vel nýtt og starfshættir beri skýr einkenni gæðastarfs. Heilbrigtr hlutfall sérkennslu og skýr markmið um árangur.
- **Skólastarf uppfylli skilyrði skólastefnu** sveitarfélagsins og menntastefnu ríkisins.

### Helstu verkefni

#### Áætlanagerð og innleiðing

- Aðgerðabinda skólastefnu sveitarfélagsins og gerð gæðahandbókar.
- Innleiða skólastefnu með starfsfólk, nemendum og foreldrum.
- Styðja við faglega forystu skólastjóra og aðstoða við að auka gæði skólastarfsins kerfisbundið.
- Breytingastjórnun og stuðningur við umbótaáætlunar hvers árs
- Úttekt á kennslumagni

#### Gæði skólastarfs

- Gæðastýring byggð á viðmiðum MMS.
- Gerð öryggisáætlana.
- Hæfnimat - nýr hæfnirammi fagmenntaðra kennara og stjórnenda.
- Stuðningur við að nýta niðurstöður prófa og úttekta.
- Úrlestur gagna úr prófum og skýrslum.
- Skólapúlsinn til umbóta.

KB  
BL

#### Innleiðing aðalnámskrár

- Gerð og endurskoðun skólanámskráa.

- Ráðgjöf og handleiðsla til kennara um betri foreldrasamskipti.
- Samvinna um gerð kennsluáætlana.
- Setning viðmiða um gæða nám og kennslu.
- Vaxtarkúrfa nemandans.
- Leiðsagnarnám og leiðsagnarmat.
- Námsmatsskipulag.
- Val á unglingastigi - úttekt og útfærslur.

#### Faglegur stuðningur

- Vinnuferlar.
- Innleiðing á viðmiðum um gæði skólastarfs.
- Faglegur stuðningur við skólastjóra.
- Almenn kennsluráðgjöf og handleiðsla.

#### Fjárhagsáætlun og framkvæmd

Hér fyrir neðan er gróf áætlun á því hvernig áherslur í skólaráðgjöf geta litið út á þriggja ára tímabili. Á fyrsta árinu er gert ráð fyrir að styðja við og ljúka gerð skólastefnu sveitarfélagsins, útbúa gæðahandbók og gera innleiðingaráætlun. Árin þar á eftir er um reglubundinn stuðning að ræða sem byggir á umbótaáætlunum skólans og þeim þáttum sem skólasamfélagið er sammála um að brýnast sé að leysa.

Endurskoðun skólastefnu - Haust 2023	Tími
<b>Úrvinnsla gagna og lokahnykkur á gerð skólastefnu sveitarfélagsins. Vinna hefur staðið yfir í vetur.</b>	
<b>Opinn fundur</b> með öllu skólasamfélagini og úrvinnsla fundarins.	20
<b>Gerð gæðaviðmiða</b> - uppsetning gæðahandbókar og aðgerðabinding skólastefnu	20
<b>Kynning</b> á lokaútgáfu skólastefnu, gerð gæðahandbókar og áætlun um innleiðingu í gegnum gæðaskólastarf og innra mat.	10
<b>Samtals</b>	<b>50</b>

Stuðningur og ráðgjöf - Almenn lýsing á stuðningi á heilu skólaári eftir að skólastefnan hefur verið útbúin. Til viðmiðunar, en þegar innra mat hefur mótað verða verkefnin markvissari og í samræmi við umbótaáætlanið skólans.	Tími
<b>Starfsdagar</b> með starfsfólk leik- grunn- og tónlistarskólans. Meginmarkmið að efla nám og kennslu í gegnum innra mat og áherslur skólastefnu sveitarfélagsins og menntastefnu ríkisins. Hægt að sækja um styrki til að fjármagna starfsdaga. Undirbúningur og úrvinnsla, kennsla og áætlanagerð.	50
Stuðningur við innleiðingu skólastefnu (innra mats teymi), eftirfylgni innra mats, starfshættir gæðaráðs. Nýting gagna.	50
Endurskoðun almenndra áætlana í samræmi við gæðahandbók sveitarfélagsins.	50
Faglegur stuðningur við skólastjörnendur við umsýslu, skipulag og framkvæmd gæðastarfs.	50
<b>Samtals</b>	<b>200</b>

Tímagjald 19,900 kr/klst = 1990.000 kr

- Haust 2023 - skólastefna 50 tímar og ráðgjöf 100 tímar, 150 tímar. **2,985.000 kr.**
- Árið 2024 - Ráðgjöf og innleiðing að hámarki 200 tímar - áætlað **3,980.000 kr.**
- Árið 2025 - Ráðgjöf og innleiðing að hámarki 200 tímar - áætlað **3,980.000 kr.**

KR  
4/4  
BO